



Ársskýrsla 2015





Efnisyfirlit

STRÆTÓ TIL FRAMTÍÐAR	4–5
ANNASAMT ÁR AÐ BAKI	6–7
STJÓRN STRÆTÓ	8
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	9–11
MANNAUÐUR	12–13
UPPLÝSINGATÆKNI OG MARKAÐSMÁL	14–15
UMHVERFIS- OG ÖRYGGISMÁL	16–17
GRÆNT BÓKHALD	19–23
TJÓN OG SLYS	24–27
ÁRSREIKNINGUR 2015	28–39

Strætó til framtíðar

Almenningssamgöngur verða sífellt mikilvægari hluti af höfuðborgarsvæðinu. Íbúum á svæðinu fjölga, sprenging er í fjölda ferðamanna og aukin umhverfisvitund gerir það að verkum að fyrirtækið Strætó bs. er eitt af mikilvægustu þjónustufyrirtækjum í almannabágu.

Höfuðborgarsvæðið stendur á ákveðnum krossgötum varðandi þróun byggðar. Á síðustu áratugum hefur höfuðborgarsvæðið þanist út og uppbygging ekki tekið mið af því hvernig hægt er með hagkvæmum hætti að veita þjónustu á sviði almenningssamgangna. Bílaumferð hefur vaxið mikið en afkastageta vegakerfisins ekki aukist í sama magni. Þrátt fyrir tillögur sveitarfélaganna um miklar framkvæmdir til að bæta afkastagetu vegakerfisins þá mun það ekki duga til ef ekki verður breyting á samgöngumátum höfuðborgarbúa á sama tíma. Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins markar samkomulag sveitarfélaganna um breyttar áherslur. Byggð mun ekki þenjast meira út, þéttleiki verður aukinn og öflugum almenningssamgöngum er markað lykilhutverk í þróun svæðisins.

Farþegum Strætó hefur fjölgað jafnt og þétt á síðustu árum og nú flytjum við yfir 10 milljónir farþega á ári hverju. Farþegum mun halda áfram að fjölga og það umtalsvert enda hafa sveitarfélögin, eigendur Strætó bs., sett sér það markmið að auka hlutfall þeirra sem nota almenningssamgöngur. Í dag eru rúmlega 4%

allra ferða á svæðinu farnar með strætó en markmiðið er að árið 2040 verði a.m.k 12% allra ferða farnar með strætó. Farþegar okkar gætu þá orðið allt að 40 milljónir á ári hverju.

Þetta þýðir að skipulag og uppbygging á svæðinu þarf að taka mið af því hvort þar verði öflugar og góðar almenningssamgöngur eða ekki. Mikilvægt er að verslun og þjónusta sé ávallt í góðum tengslum við almenningssamgöngur og almennt ættu fyrirtæki að horfa til þess þegar þau velja sér staðsetningu hvort almenningssamgöngur á svæðinu séu góðar. Fólk sem kys að nýta sér almenningssamgöngur ætti einnig að huga að því þegar það velur sér búsetu hvernig þjónustu strætó er háttað. Þjónustan er almennt betri þar sem þéttleiki er meiri. Strætó bs. leggur áherslu á að veita hagkvæma og góða þjónustu sem getur verið samkeppnishæf við einkabílinn, þar sem því er við komið. Þar sem byggðin er dreifðari verður erfiðara að bjóða upp á þjónustu sem stenst samkeppni við einkabílinn. Þjónusta strætó verður aldrei eins eða jafn góð alls staðar, það væri einfaldlega óraunhæf krafa.

Farþegum mun fjölga verulega á næstu árum og við bjóðum þá velkomna í gulu og glöðu vagnana okkar.

Bryndís Haraldsdóttir
stjórnarformaður Strætó bs.





Annasamt ár að baki

Stærsta verkefni ársins var að koma á fót sameiginlegri akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu, verkefnið reyndist viðameira en gert hafði verið ráð fyrir. Þjónustan fór ekki nógu vel af stað og upp komu alvarleg frávik. Starfsmenn Strætó lögðu sig fram við að lagfæra það sem betur mætti fara og í dag er þjónustan í samræmi við þjónustuviðmið.

Vorið 2015 sameinaði Strætó skrifstofustarfsemi sína undir einu þaki í Mjódd. Farið var í nauðsynlegt viðhald á húsnæðinu og það endurbætt og aðlagð starfsseminni. Framkvæmdin var vel heppnuð og kostnaður var á áætlun.

Strætó fór með nýtt app í loftið í nóvember 2014 og í lok árs 2015 voru reglulegir notendur þess allt að 7 þúsund á virkum degi og appinu hafði verið hlaðið niður á um 100 þúsund snjalltæki. Appið hlaut bæði íslensku vefverðlaunin og NEXPO verðlaunin fyrir besta appið. Appið er fyrsta stóra skrefið sem Strætó tekur í að rafvæða fargjöld Strætó.

Frá árinu 2012 hefur verið unnið að endurnýjun vagnaflotans. Á árinu 2015 voru teknir í notkun 20 nýir vagnar sem keyptir voru undir lok árs 2014. Stefnt er að því að halda áfram að endurnýja vagnaflotann, en það er liður í lækkun rekstrarkostnaðar og í samræmi við markmið um minnkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Aukning ferðamanna á Íslandi er tækifæri fyrir Strætó. Þar er markaður sem hægt er að

sækja inn á og reyna að ná til ferðamanna utan háannatíma. Með því væri mögulega hægt að bæta nýtingu á vögnum. Það felast einnig áskoranir í fjölgun ferðamanna, en mikil ásókn er í starfsmenn sem hafa réttindi til að keyra fólksflutningabifreiðar, ekki aðeins yfir sumarmánuðina heldur allan ársins hring.

Rekstrarafkoma ársins 2015 var viðunandi. Fargjaldatekjur ársins jukust um 12% á milli ára og eru nú um 30% af heildar rekstrarkostnaði Strætó. Markmiðið, samkvæmt eigendastefnu Strætó, er að hlutfall fargjaldatekna sé 40%.

Kjarasamningsbundnar launahækkanir á árinu urðu meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og hefur það mikil áhrif á rekstur Strætó þar sem launakostnaður er ríflega 60% af rekstrarútgjöldum.

Farþegar Strætó voru um 10,7 milljónir á árinu 2015 og fjölgaði um 4% frá árinu á undan. Fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu var tæp 2% á sama tímabili.

Árið 2015 var annasamt ár og ráðist var í mörg stór verkefni sem nú eru öll komin vel á veg. Að lokum vil ég þakka starfsfólki og stjórn fyrir gott samstarf og er þess fullviss að nýtt ár verður gott ár fyrir Strætó.

Jóhannes S. Rúnarson
framkvæmdastjóri Strætó bs.


Stjórn Strætó




Kristín Soffía Jónsdóttir Reykjavík, **Einar Birkir Einarsson** Hafnarfirði,
Bryndís Haraldsdóttir Mosfellsbæ formaður, **Sigrún Edda Jónsdóttir** Seltjarnarnesi,
Gunnar Valur Gíslason Garðabæ, **Jóhannes Svavar Rúnarsson** framkvæmdastjóri og
Theodóra S. Þorsteinsdóttir Kópavogi.

Lykiltölur úr rekstri

Meðfylgjandi myndir sýna þróun helstu lykilstærða í rekstri Strætó 2015 borið saman við áætlun.




FARPEGAFJÖLDI




Farþegar Strætó voru 10,7 milljónir árið 2015, sem er aukning um 4% á milli ára.

FARGJÖLD APPMIÐAR




Á árinu 2015 var vægi fargjalda greitt með appinu um 8% og stefnir í að vera um 20% 2016.

HEILDARLAUNAKOSTNAÐUR




Heildarlaunakostnaður Strætó var tæplega 2.220 m. kr. 2015, eða 14% umfram áætlun ársins, þar vegur þyngst meiri akstur og hærri launahækkun en gert var ráð fyrir.

FARGJALDATEKJUR




Fargjaldatekjur á árinu 2015 voru 1.655 m. kr. sem er um 12% aukning frá árinu á undan.

OLÍUNOTKUN Á HVERJA 100 KM



Olíunotkun á hverja 100 km hefur dregist saman á milli ára samhlíða endurnýjun vagnaflotans.

AFKOMA



Afkoma ársins var verri en áætlun gerði ráð fyrir, þar vegur þyngst hærra launakostnaður en áætlaður var.

Mannauður

Í lok árs 2015 voru starfsmenn Strætó bs. 265 talsins: 230 karlar og 35 konur.



Hjá Strætó starfar öflugur hópur starfsfólks sem leggur metnað sinn í að framfylgja hlutverki Strætó og tryggja viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Í árslok 2015 voru starfsmenn Strætó bs. alls 265, karlar voru 230 og konur 35.

Vinnustaðagreining

Gerð var vinnustaðagreining í mars 2015. Niðurstöðurnar gáfu skýra mynd af stöðu starfsmannamála á þeim tímapunkti. Ljóst var að bæta þurfti m.a. starfsánægju, samskipti, upplýsingagjöf, þjálfun og fræðslu og að minnka álag.

Starfsmannafundur

Í maí var haldinn starfsmannafundur á Hilton Nordica hótelinu þar sem öllum starfsmönnum var boðin þátttaka. Unnið var í hópum að verkefnum sem báru yfirskriftirnar Hvernig bætum við Strætó sem vinnustað og **Hvernig bætum við upplifun viðskiptavina Strætó**. Þá var einnig unnið með gildi Strætó, **Áreiðanleiki – Samvinna – Drifkraftur**. Megin niðurstöður fundarins voru sambærilegar við niðurstöður vinnustaðagreiningarinnar þ.e. að efla þurfti liðsheild, auka starfsánægju, bæta starfsandann, setja meiri kraft í fræðslu og þjálfun og vinna áfram með gildin.

Samvinna og samskipti starfsmanna og stjórnenda

Stjórnendur hafa lagt áherslu á að auka upplýsingastreymi til starfsmanna um starfsemi Strætó með upplýsingapóstum og fundum. Þátttaka starfsmanna í umbóta- og vinnuhópum hefur verið aukin og stefnt er að fjölgun slíkra hópa og verkefna.

Þjálfun og fræðsla

Parfaggreining, stefnumótun og framkvæmdaáætlun fræðslumála fyrir alla starfsmenn Strætó, hófst á haustmánuðum 2015. Unnið er með MARKVISS aðferðafræði í samstarfi við Framvegis Símenntunarmiðstöð. Stýrihópur starfsmanna var myndaður með þátttöku starfsmanna úr öllum deildum fyrirtækisins og hefur hann unnið að verkefninu sem nú er á lokametrunum. Niðurstöður voru væntanlegar í lok mars. Stefnumótun og framkvæmdaáætlun fræðslumála verður unnin í kjölfarið og kynnt nú á vormánuðum.

Árið 2015 sóttu 82 starfsmenn Strætó 9 mismunandi námskeið. Má þar nefna t.d. nýliðanámskeið, skyndihjálparnámskeið, eldvarnarnámskeið, leiðtoganámskeið, íslenskunámskeið, mentoránámskeið og þjónustunámskeið.



Á næstu misserum verður aukin áhersla lögð á þjálfun, fræðslu og endurmenntun allra starfsmanna. Unnið verður áfram með mentorum að endurbættu nýliðaferli og verður stjórnendapjálfun með megináherslu á leiðtogafærni, samskipti og liðsheild.

Starfsánægja og velferð starfsmanna

Stefna Strætó er að huga enn frekar að heilsu starfsmanna með áherslu á heilsufar og velferð með það að markmiði að fækka veikindadögum. Í október 2015 bauðst starfsfólki að fara í heilsufarsmælingu og/eða bólusetningu gegn influensu. 80 starfsmenn, 56 karlar og 24 konur, tóku þátt í mælingunum. Mældur var blóðþrýstingur, blóðfitu, blóðsykur, líkamsþyngdarstuðull, hlutfall fitu af líkamsþyngd, hlutfall mittis og mjaðma, hreyfing og tóbaksnotkun. Mælingarnar gáfu sterklega til kynna að stór hópur starfsmanna Strætó er of þungur, með of háa blóðfitu; fleiri mældust með hækkun á blóðþrýstingi, fleiri nota tóbak og of fáir hreyfa sig með reglulegum hætti heldur en meðalúrtak (aðrar mælingar Heilsuverndar og mælingar embættis landlæknis) gefur til kynna.

Strætó mun halda uppteknum hætti með heilsufarsmælingar að hausti líkt og undanfarin ár og nýta niðurstöð-

urnar markvisst. Móta velferðarstefnu Strætó með það að markmiði að efla heilsu, velferð og starfsánægju. Sem hluti af velferðarstefnunni verður mótuð viðverustefna sbr. bókun 5 í nýgerðum kjarasamningi Strætó og St.Rv.

Strætó mun standa að hvatningu og fræðslu til starfsmanna um þátttöku í viðburðum sem snúa að heilsu, velferð og starfsánægju, t.d. Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna.

Á síðastliðnu ári var byrjað að bjóða upp á ávexti á starfsstöðvum Strætó á Hlemmi, Hesthálsi og í Mjódd. Það hefur mælst mjög vel fyrir og verður því haldið áfram. Í september 2015 hófst tilraunaverkefni með matarsendingar á Hlemm í hádeginu þar sem hægt var að panta heitan mat frá Hesthálsi. Tilraunaverkefnið gekk vel og verður því haldið áfram.

Áherslur í mannauðsmálum á næstu misserum

Megináherslur í mannauðsmálum á næstu misserum verða á að efla þjálfun og fræðslu starfsmanna, að hvetja til aukinnar hreyfingar og hollustu og fækka veikindafjarvistum, bæta enn frekar samvinnu og samskipti stjórnenda og starfsmanna og efla stjórnendur í leiðtogahlutverki sínu.




Upplýsingatækni og markaðsmál

ÁSKRIFT AÐ STRÆTÓ

Á árinu höfum við lagt allt kapp á að kynna sem flestum nýja uppfærslu Strætó-appsins. Strætó-appið er komið til að vera enda hafa viðtökurnar farið fram úr björtustu vonum. Fólk tekur því fegins hendi að geta keypt sér far með strætó í snjallsímanum. Þessi góðu viðbrögð eru okkur hvatning til að halda áfram að þróa appið svo það gagnist sem flestum sem best. Í september hófum við sölu á afsláttarfargjöldum fyrir börn, ungmenni, aldraða og öryrkja í appinu. Í nóvember bættum við um betur og komum til móts við þá farþega sem daglega nýta sér strætisvagninn til að komast ferða sinna. Þá byrjuðum við að bjóða mánaðarkort eða fasta áskrift með appinu á höfuðborgarsvæðinu. Við erum stolt af því að kynna skjótvirka, þægilega og hagkvæma leið til að kaupa far með strætó.

Á næstunni er ætlunin að bjóða fleiri áskriftarleiðir til sölu í Strætó-appinu, t.d. Nema kort og Samgöngukort. Auk þess bætist við að hægt verður að nýta appið til að kaupa sér far utan höfuðborgarsvæðisins. Ofan á þetta bætist endurnýjun á leitarvél, samþætting appsins við nýja heimasíðu Strætó og fleiri lausnir og nýjungar eru í kortunum sem við hlökkum til að kynna betur þegar að því kemur.

Þó appið sé okkar stærsta verkefni komum við að fjölda annarra skemmtiegra verkefna og nægir þar að nefna Wi-Fi í alla vagna, Mottumars, öryggisárið, nálgun við erlenda ferðamenn, Menningarnótt, nema kortin og leikskólaverkefnið „Börnin koma með jólin“.



Umhverfis- og öryggismál

Strætó bs. á og rekur 93 strætisvagna. Á árinu 2015 sá Rekstrarsvið Strætó um alla þjónustu við þá vagna og ók 57% alls þjónustuaksturs á höfuðborgarsvæðinu. Restin var boðin út fyrir nokkrum árum og á árinu 2015 sáu Hagvagnar hf og Kynnisferðir ehf um 43% aksturs á höfuðborgarsvæðinu. Heildarfjöldi ekinna kílómetra á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 var rúmlega 9 milljónir km, þar af ók Rekstrarsvið Strætó rétt rúmlega 5 milljón km.

Strætó hefur markað sér stefnu í umhverfis- og öryggismálum og frá árinu 2013 hefur Rekstrarsviðið, sem er veigamesti hluti starfseminnar, starfað samkvæmt alþjóðlega vottuðum stjórnkerfum. Umhverfisvottunin er samkvæmt ISO 14001 og öryggisvottunin samkvæmt OHSAS 18001.

Ársskýrsla umhverfis- og öryggismála hefur verið gefin út reglubundið hjá Strætó frá árinu 2011 nema fyrir árið 2014. Mælanleg markmið hafa verið mótuð árlega í málaflokkunum og mikil áhersla lögð á eftirfylgni þeirra. Rétt er að árétta að grænt bókhald og tölulegar upplýsingar um tjón, farþegaslys, vinnuslys starfsmanna, o.s.frv. í köflunum hér á eftir ná einungis yfir starfssemi og rekstur Strætó, þ.e. 57% akstursins á höfuðborgarsvæðinu. Undirverktakar á höfuðborgarsvæðinu starfa einnig samkvæmt vottuðum stjórnkerfum en þeir gefa út sýnar eigin ársskýrslur með upplýsingum um grænt bókhald, tjón, slys, o.þ.h.





Erekkjaleið

199



JU B59

Grænt bókhald

Umhverfisstefna Strætó:

Strætó vill vera til fyrirmyndar í verndun umhverfissins. Megin áhrif almenningsgangna á umhverfið er vegna losunar gróðurhúsalofttegunda sem tengist eldneytisnotkun strætisvagna. Markmið Strætó er að draga úr þessum áhrifum, beint sem óbeint, með því að auka

notkun vistvænna orkugjafa eða orkutækni samhliða því að rekstraröryggi þjónustunnar sé tryggt. Strætó stýrir og vaktar umhverfisþætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Þýðingarmiklir umhverfisþættir eru:

- Losun gróðurhúsalofttegunda –
 - Fastur úrgangur –
 - Hættuleg og varasöm efni –
 - Spilliefni –
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa –

Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

		Heildar- -notkun	Fjöldi vagna	Notkun (á vagn)	Eknir km	Notkun (á 100 km)	Losun ígildi CO ₂ (tonn)	Losun CO ₂ kg/km
2013								
Dísel	lítrar	2.289.141	78	29.348	5.069.242	45	5.768	1,14
Metan	m ³	48.170	2	24.085	64.974	74	92*	1,42
2014								
Dísel	lítrar	2.318.347	78	29.722	5.179.993	45	5.768	1,11
Metan	m ³	48.580	2	23.290	67.644	69	92*	1,36
2015								
Dísel	lítrar	2.447.441	91	26.894	5.762.999	42,42	5.892	0,85
Metan	m ³	38.623	2	19.311	53.098	72,74	72,22	1,37

Losun fyrir dísel reiknuð samkvæmt stuðlum í reglugerð 244/2009 og fyrir metan skv. IPCC

*Hafa ber í huga að mengun frá metangasi hefur minna vægi þar sem losunin ætti sér stað samt sem áður.

Blandaður úrgangur til urðunar

Allur fastur úrgangur er flokkaður hjá Strætó og stefnt er að því að lágmarka úrgang eins og kostur er. Árlega eru sett fram markmið í samræmi við umhverfisstefnu fyrirtækisins um að auka hlutdeild endurvinnanlegs úrgangs

á kostnað úrgangs til urðunar. Einnig eru sett fram markmið um hvernig draga megi úr magni einstakra úrgangsflokka, s.s. spilliefna.

		2013	*CO ₂ (tonn)	2014	*CO ₂ (tonn)	2015	*CO ₂ (tonn)
Blandaður úrgangur	kg	36.797		33.749		18.460	
Til urðunar samtals	kg	36.797	18,3	33.749	16,8	18.460	9,18

Úrgangur til endurvinnslu

Garðaúrgangur	kg	0		0		0	
Málmar/brotajárn	kg	12.422		13.973		17.860	
Timbur	kg	2.600		1.450		860	
Annað (plast, pappi, pappír, dagblöð/tímarit)	kg	8.090		6.190		5.361	
Hjólbarðar	kg	6.660		3.500		6.500	
Til endurvinnslu samtals	kg	29.772		25.113		30.581	

Spilliefni

Olía og olíumengað í fljótandi formi	lítrar	16.287		18.783		15.022	
Olía og olíumengað í föstu formi	kg	2.067		2.153		652	
Rafgeymar og rafhlöður	kg	3.874		2.432		2.492	
Prentihylki	kg	81		92		40	
Raftæki	kg	25		9		344	
Perur/flúrperur	kg	39		56		67	
Málning	kg	11				10	
Spilliefni samtals:	lítrar	16.287		18.783		15.022	
Spilliefni samtals:	kg	6.097		4.742		3.605	

*Losun reiknuð samkvæmt upplýsingum í skýrslu Umhverfisstofnunar (2009):
Möguleikar til að draga úr nettóstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Efnanotkun

Rekstrarsviðið stýrir og vaktar notkun á eiturefnum og varasömum efnum. Haldin er efnaskrá yfir öll efni og öryggisblöð eru aðgengileg starfsmönnum. Markvisst er dregið úr notkun hættulegra og varasamra efna og reynt

í hverju tilfalli að finna efni sem koma að sambærilegum notum, en eru skaðminni og umhverfisvænni. Engin efni í hættulegasta eiturefnaflokknum eru notað á Rekstrarsviði Strætó.

Eining	2013	Á vagn á ári	2014	Á vagn á ári	2015	Á vagn á ári	
Forsendur:							
Vagnafjöldi	80		80		93		
Eknir km	5.134.216		5.247.637		5.816.097		
Smurolía:							
Verkstæði	Lítrar	4.626	57,83	6.094	76,18	6.739	72,46
Pvottastöð, ábætt	Lítrar	3.286	41,08	3.591	44,89	2.468	26,53
Samtals:		7.912	98,90	9.685	121,06	9.207	98,99
Lítrar pr.100 km		0,1541		0,1846		0,1586	
Önnur efni:							
Tjöruleysir	Lítrar	5.460	68,25	5.880	73,50	5.800	62,36
Pvottaefni	Lítrar	2.189	27,36	3.035	37,94	2.281	24,52
Frostlögur	Lítrar	1.990	24,88	4.945	61,81	4.943	53,15
Hjólbarðar:							
Fjöldi alls		518		443		589	
Sólaðir		316		309		362	
Nýir		202		134		227	
Fjöldi pr. 100 km		0,0101		0,0084		0,0101	

Euro staðlar vagnaflotans

Langþráð endurnýjun vagnaflotans hófst á árinu 2013 en þá voru keyptir 12 nýir Euro-5 strætisvagnar. 20 nýjir Euro-6 vagnar voru keyptir seint á árinu 2014 og teknir

í notkun snemma árs 2015. Á árinu 2015 voru keyptir 8 nýjir Euro-6 vagnar og einn lítilllega notaður Euro-5.

	Euro staðlar	Vagnar 2013	Vagnar 2014	Vagnar 2015
	6	0	0	20
	5	13	13	13
	4	8	8	8
	3	34	34	32 *
	2	23	23	20
	1	0	0	0
	0	2	2	0
	Samtals	80	80	93

* Tveimur vögnum var lagt, annar brann en hinn lenti í dýru vélartjóni og borgaði sig ekki að gera við hann.

Orku- og vatnsnotkun

Hjá Rekstrarsviði Strætó er rafmagnsnotkun aðallega vegna starfsemi verkstæðis, þvottastöðvar, spenakerfis vagna, lýsingar í húsnæði og við notkun rafmagnsbúnaðar. Allt húsnæðið er hitað upp með heitu vatni. Kalt vatn er notað í mötuneyti, til drykkjar, á snyrtingum og

í baðaðstöðu starfsmanna. Ávallt er mælt með ábyrgri notkun auðlindanna og að bæði rafmagn og vatn sé nýtt skynsamlega. Markmiðið er að stýra notkun eins og kostur er og áhersla lögð á að vatn sé ekki látið renna að óþörfu.

		Heildar- notkun	Á vagn á ári	Heildar- notkun	Á vagn á ári	Heildar- notkun	Á vagn á ári
		2013		2014		2015	
Þvottastöð							
Rafmagn	Kwh	139.240	1.741	144.240	1.803	145.080	1.560
Heitt vatn	m ³	11.633	145	11.381	142	13.923	149
Kalt vatn	m ³	9.463	118	10.052	126	9.810	105
Aðalhús							
Rafmagn	Kwh	751.184	9.390	732.393	9.155	731.353	7.864
Heitt vatn	m ³	28.770	360	46.930	587	28.438	305
Kalt vatn	m ³	925	12	1.060	13	2.710	29
Samtals							
Rafmagn	Kwh	890.424	11.130	876.633	10.958	876.433	9.424
Heitt vatn	m ³	40.403	505	58.311	729	42.361	455
Kalt vatn	m ³	10.388	130	11.112	139	12.520	134

Fjöldi ökutækja sem aka fyrir ferðþjónustuna

80 sérútbúnir bílar aka daglega á vegum Strætó í akstursþjónustu fyrir fatlaða



Farþegaþjónun

4% milli áráanna 2014 og 2015 samkvæmt farþegatalningum

Fjöldi vagna á höfuðborgarsvæðinu

Alls eru 120 strætisvagnar að aka um höfuðborgarsvæðið daglega

Aksturshlutfall Strætó / Útboð

Á höfuðborgarsvæðinu ekur akstursdeild Strætó 57% alls aksturs en 43% akstursins eru boðin út. Allur akstur á landsbyggðinni er boðinn út af landshlutasamtökunum

Eknir kílómetrar á árinu

Höfuðborgin: 9.010.665 km
Landsbyggðin: 3.764.187 km

Farþega- fjöldi á árinu

10,7
milljónir



Tjón og slys

Öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefna Strætó:

Strætó leggur áherslu á að starfsumhverfi sé öruggt og heilsusamlegt og að tryggt sé að enginn starfsmaður skaðist af vinnu sinni. Markmið Strætó er að allir komi

heilir heim í lok vinnudags. Strætó leggur þunga áherslu á að öll starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglur eða gangi lengra.

Áhættumat starfa fer fram reglubundið og er markvisst leitast við að draga úr hættu á slysum og tjónum á búnaði.

Vaktaðir áhættuþættir eru:

- Árekstrar/tjón –
 - Slys á farþegum –
 - Vinnuslys –
 - Næstum því slys –
 - Heilsufar starfsmanna –
- (sjá kafla um mannauðsmál)

Fjöldi og kostnaður aksturstjóna

Öflugt forvarnarstarf fer fram hjá Strætó, með áherslu á vitundarvakningu og virka þátttöku alls starfsfólks. Meðal annars má nefna að öryggisárið hefur verið skilgreint með mismunandi áherslupáttum í hverjum mánuði, nýliðabjálfun og endurmenntun starfsfólks er stöðugt í endurmótun, áhættumat starfa fer fram reglubundið,

o.s.frv. Einnig er starfandi Umbótaþapur Strætó sem reynir eftir megni að hafa jákvæð áhrif á forgangsröðun og þróun valinna verkefna innan sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Áhersla er lögð á verkefni sem koma í veg fyrir slys og lágmarka tjónakostnað.

Ár	Fjöldi trygginga-tjóna*	Í rétti/órétti	Upphæð trygginga-tjóna	Fjöldi annarra tjóna	Upphæð annarra tjóna	Samtals fjöldi tjóna	Heildarkostnaður allra tjóna
2013	111	52/59	19.943.676	116	21.892.837	227	41.836.513
2014	97	61/36	38.727.523	149	22.882.847	246	61.610.370
2015	109	59/50	49.219.364	127	29.400.796	236	78.620.160

Fjöldi og kostnaður aksturstjóna getur rokkað töluvert til milli ára enda hafa fjölmargir þættir áhrif þar á, s.s. aksturshlutfall, umferðarþungi, aðstæður í gatnakerfinu, veðurfar, o.s.frv.



GAMAN AÐ SJÁ ÞIG

Vagnstjóranum finnst gaman að sjá þig, sérstaklega þegar hann á að stoppa fyrir þér. Láttu á þér bera svo að vagnstjórinn missi ekki af þér!

BANK, BANK! HVER ER ÞAR?

Það er góð ástæða fyrir því að það er bjalla í vagninum, svo að vagnstjórinn viti að hann eigi að stöðva fyrir þér. Gott er að hafa í huga að hringja bjöllumni tímanlega svo ekki verði keyrt framhjá stoppinu þínu.

STOP

ERTU TÖFFARI?

Flottustu töffararnir eru þeir sem sýna samfarþegum sínum í Strætó tillitssemi og standa upp fyrir þeim sem eiga erfitt með gang.



ÞÚ VILT EKKI FÁ GARNAFLÆKJU

Oft var sagt við börn að ef þau rúlluðu sér of mikið á grasinu gætu þau fengið garnaflækju. Ef það er satt þá er eins gott að sýna aðgát í vagninum og halda sér í meðan hann er á ferð, ekki viltu hringlast um vagninn og fá garnaflækju?

NOKKUR ÖRYGGISATRÍÐI

Skráð atvik og slys á farþegum

Öll slys á farþegum eru skráð í rafrænt ábendingakerfi Farþegaþjónustusviðs Strætó, hverju tilfalli úthlutað ábyrgðarmanni og markvisst haldið utan um vinnslu hvers máls til loka þess. Hafa ber í huga að oft er tilkynnt um atvik sem mögulega gætu haft eftirmála án þess að það gerist alltaf. Aðeins hluti mála koma til úrvinnslu

tryggingafélaga. Rétt er að áréttta að tölurnar í töflunni hér á eftir eiga aðeins við farþega hjá Rekstrarsviði Strætó sem eður 57% alls aksturs á höfuðborharsvæðinu. Önnur tryggingafélög sjá um undirverktaka félagsins og hefur Strætó ekki aðgang að þeim gögnum.

Ár	Heildarfjöldi	Fall úr sæti	Árekstur	Í og úr vagni	Aksturslag	Hurðaslys	Annað	Par af til VÍS*
2013	39	1	7	4	20	4	3	28
2014	58	10	6	5	6	16	15	23
2015	46	7	3	1	25	7	3	19

Fjöldi og tegundir vinnuslysa

Öryggisnefnd Strætó heldur utan um öll vinnuslys starfsmanna og vinnur öflugt forvarnastarf. Segja Meðal annars eru orsakir hvers tilfellis greindar og kannað-

ar mögulegar úrbætur við hverju tilfalli. Engin dauðaslys hafa átt sér stað og engin mjög alvarleg vinnuslys.

Ár	Fjöldi alls	Átök	Hálfkufall	Misfellufall	Árekstur	Annað
2013	10	3	1	5	0	1
2014	4	3	0	0	0	1
2015	13	0	8	1	2	2

Fjöldi og tegundir næstum því slysa

Um mitt ár 2011 var tekin upp virk skráning og greining „næstum því slysa“ hjá Strætó. Öryggisnefnd fyrirtækis-

ins greinir tilföllin reglubundið og grípur til fyrirbyggjandi aðgerða þegar við á.


Ár	Fjöldi alls	Átök	Hálka/bleyta	Misfellufall	Árekstur	Annað
2013	10	0	5	0	2	3
2014	6	0	1	0	4	1
2015	15	1	5	2	5	2

*Atvik tilkynnt til tryggingafélags Strætó





Ársreikningur 2015



Skýrsla og áritun stjórnar

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%).

Rekstrarafgangur Strætó á árinu 2015 var 22,8 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á tímabilinu lækkaði handbært fé um 113,2 m.kr. og er handbært fé í lok ársins 514,2 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar á næstu árum verði fjármagnaðar með handbæru fé.


Eigið fé í lok ársins nam 1.716 m.kr samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfall 64%, en vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu var gengið frá kaupum á níu strætisvögnum fyrir 311 m.kr., þar af komu átta til landsins á árinu 2015, sem eru eiginfærðir fyrir áramót, en einn vagn kom ekki til landsins fyrr en í byrjun ársins 2016 og er hann því ekki eiginfærður fyrr en á þessu ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2015 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2016

Stjórn strætó bs.:



Handwritten signatures of the board members of Strætó bs. The signatures are: Björn Haraldsson, Gunnar Gíslason, Kristján, Theodor S. Þorstensen, and Steinn Þórusson.

Framkvæmdastjóri



Handwritten signature of the CEO of Strætó bs., Jóhann Þórusson.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Strætó bs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Strætó bs. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Strætó bs. á árinu 2015, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 26. febrúar 2016

KPMG ehf.

Arni Claessen

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Fargjöld		1.655.369.145	1.476.800.366
Rekstrarframlög eignaraðila		2.951.906.443	2.822.607.000
Ríkisframlag	14	806.160.000	822.062.107
Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	2	1.334.351.370	0
Aðrar tekjur	3	195.553.195	104.234.301
Rekstrartekjur samtals		<u>6.943.340.153</u>	<u>5.225.703.774</u>
Rekstrargjöld			
Almenningsvagnar og leiðarkerfi	5	5.025.363.207	4.420.735.841
Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	2	1.334.351.370	0
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	389.455.443	316.307.323
Rekstrargjöld samtals		<u>6.749.170.020</u>	<u>4.737.043.164</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir		<u>194.170.133</u>	<u>488.660.610</u>
Afskriftir	7	179.198.363	122.281.661
Rekstrarafkoma		<u>14.971.770</u>	<u>366.378.949</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		26.342.132	45.390.490
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(18.485.280)	(41.682.040)
		<u>7.856.852</u>	<u>3.708.450</u>
Afkoma ársins		<u><u>22.828.622</u></u>	<u><u>370.087.399</u></u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Strætisvagnar og önnur ökutæki		1.419.770.006	1.313.107.201
Áhöld, tæki og búnaður		75.912.857	54.139.027
Fasteignir		102.914.883	52.276.937
Fastafjármunir samtals	7	<u>1.598.597.746</u>	<u>1.419.523.165</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	8	<u>73.870.109</u>	<u>82.000.465</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	9	441.452.348	292.608.290
Aðrar skammtímakröfur	10	39.276.475	112.992.551
Handbært fé		514.203.190	627.362.224
Veltufjármunir samtals		<u>1.068.802.122</u>	<u>1.114.963.530</u>
Eignir samtals		<u><u>2.667.399.868</u></u>	<u><u>2.534.486.696</u></u>

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018.011	900.018.011
Óráðstafað eigið fé		806.326.277	783.497.903
Eigið fé samtals	12	<u>1.706.344.288</u>	<u>1.683.515.914</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		226.383.975	324.282.141
Næsta árs afborganir		(101.977.060)	(110.627.614)
Langtímaskuldir samtals	13	<u>124.406.915</u>	<u>213.654.527</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		407.102.976	343.371.535
Næsta árs afborganir langtímalána	13	101.977.060	110.627.614
Aðrar skammtímaskuldir	11	327.568.629	183.317.107
Skammtímaskuldir samtals		<u>836.648.665</u>	<u>637.316.256</u>
Skuldir samtals		<u>961.055.580</u>	<u>850.970.783</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>2.667.399.868</u></u>	<u><u>2.534.486.696</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit

	2015	2014
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma ársins	22.828.622	370.087.399
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	179.198.363	122.281.661
Verðbætur og gengismunur	3.225.107	5.291.215
Aðrir liðir	91.755	177.971
Veltufé frá rekstri	<u>205.343.847</u>	<u>497.838.246</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Birgðir, lækkun	8.130.356	6.329.828
Skammtímakröfur, (hækkun)	(166.374.142)	(161.540.225)
Skammtímaskuldir, hækkun	207.982.963	68.519.668
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>49.739.178</u>	<u>(86.690.729)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>255.083.024</u>	<u>411.147.517</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(372.632.322)	(643.347.309)
Endurgreiddur virðisaukaskattur	91.246.160	55.088.620
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	14.267.378	350.000
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(267.118.784)</u>	<u>(587.908.689)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána	(101.123.274)	(100.059.143)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(101.123.274)</u>	<u>(100.059.143)</u>
Breyting á handbæru fé	(113.159.034)	(276.820.315)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>627.362.224</u>	<u>904.182.539</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>514.203.190</u>	<u>627.362.224</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Strætó bs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

d. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann myndast.

f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

g. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir í lok ársins eru metnar á innkaupsverði.

h. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskipta-kröfum í efnahagsreikningi.

i. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

j. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	Aksturs- þjónusta 1.1.-31.12 2015	Skólaakstur fatlaðra barna 1.1-9.6 2015	Samtals
Tekjur			
Framlag sveitarfélaga	1.193.418.515	84.973.769	1.278.392.284
Fargjöld notenda	55.959.086	0	55.959.086
	<u>1.249.377.601</u>	<u>84.973.769</u>	<u>1.334.351.370</u>
Gjöld			
Aðkeyptur akstur	1.245.153.358	80.396.848	1.325.550.206
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	4.224.243	4.576.921	8.801.164
	<u>1.249.377.601</u>	<u>84.973.769</u>	<u>1.334.351.370</u>

Í ársbyrjun tók gildi nýtt fyrirkomulag um akstursþjónustu fatlaðs fólks. Verktakar annast akstur en Strætó bs. endurkrefur aksturskostnaðinn að fullu hjá sveitarfélögunum. Skólaakstur fatlaðra barna var sameinaður inn í aksturþjónustu þann 10. júní 2015.

3. Aðrar tekjur	2015	2014
Póknun - akstursþjónusta	76.424.163	0
Póknun - ferðaþjónusta fatlaðra RVK	0	15.000.000
Póknun - landsbyggðin	94.595.826	76.995.815
Póknun - skólaakstur	1.350.000	2.600.000
Aðrar tekjur	23.183.206	9.638.486
	<u>195.553.195</u>	<u>104.234.301</u>

4. Laun og launatengd gjöld		
Laun	1.784.803.464	1.320.595.352
Launatengd gjöld	430.521.632	325.365.162
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi	4.377.097	8.061.146
	<u>2.219.702.193</u>	<u>1.654.021.660</u>

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	272	241
--------------------------------------	-----	-----

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 29,1 m. kr. á árinu. Í lok ársins störfuðu 285 manns hjá Strætó bs.

5. Almenningsvagnar og leiðakerfi		
Laun og launatengd gjöld	2.013.555.824	1.498.523.840
Aðkeyptur akstur	1.882.057.815	1.802.400.848
Annar rekstrarkostnaður	993.200.275	981.725.697
Húsnæðiskostnaður	136.549.293	138.085.456
	<u>5.025.363.207</u>	<u>4.420.735.841</u>

6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	197.345.205	155.497.820
Annar rekstrarkostnaður	192.110.238	160.809.503
	<u>389.455.443</u>	<u>316.307.323</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Áhöld, tæki og búnaður	Fasteignir	Samtals
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Heildarverð 1.1. 2015	2.301.694.499	126.914.660	66.278.653	2.494.887.812
Keypt á árinu	275.833.878	42.304.372	54.494.072	372.632.322
Selt á árinu	(14.192.000)	(167.378)		(14.359.378)
Heildarverð 31.12. 2015	2.563.336.377	169.051.654	120.772.725	2.853.160.756
Afskriftir áður	988.587.298	71.334.962	15.442.387	1.075.364.647
Afskriftir á árinu	154.979.074	21.803.834	2.415.455	179.198.363
Afskrift samtals 31.12. 2015	1.143.566.372	93.138.796	17.857.842	1.254.563.010
Bókfært verð 31.12. 2015	1.419.770.005	75.912.858	102.914.881	1.598.597.746
Afskriftahlutföll	8-12%	10-33%	2-10%	

	Fasteignamat	Vátryggingar verðmæti	Bókfært verð
Pönglabakki 4	53.750.000	101.767.000	102.914.881

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja nam samtals um 136,1 m. kr. í árslok 2015, bókfært verðmæti áhalda og tækja var um 75,9 m. kr. í árslok.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna nam samtals um 1.559,9 m. kr. í árslok 2015, bókfært verðmæti vagna í lok ársins var um 1.419,7 m. kr.

8. Vörubirgðir	2015	2014
Olía	11.836.178	10.787.514
Varahlutir	62.033.931	71.212.951
	73.870.109	82.000.465
Vátryggingaverðmæti birgða	101.290.000	101.300.000

9. Viðskiptakröfur	2015	2014
Viðskiptamenn	385.424.136	221.852.122
Viðskiptamenn - Ferðaþjónusta fyrir fatlaða	21.604.042	52.102.161
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	48.914.170	33.144.007
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(14.490.000)	(14.490.000)
	441.452.348	292.608.290

Viðskiptakröfur hafa verið niðurskrifaðar um tæplega 14,5 m. kr., sem nemur um 3% af viðskiptakröfum félagsins í árslok.

10. Aðrar skammtímakröfur	2015	2014
Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar	31.861.795	6.449.427
Endurgreiðsla olúgjalds	0	9.928.698
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	7.414.680	96.614.426
	39.276.475	112.992.551

11. Aðrar skammtímaskuldir	2015	2014
Áunnið ógreitt orlof	119.372.603	114.993.269
Ógreidd laun og launatengd gjöld	200.892.634	63.335.731
Aðrar skammtímaskuldir	7.303.392	4.988.107
	<u>327.568.629</u>	<u>183.317.107</u>

12. Eigið fé	Eiginfjár- framlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirlit um eiginfjárreikninga:			
Eigið fé 1.1. 2015	900.018.011	783.497.655	1.683.515.914
Afkoma ársins		22.828.622	22.828.622
Staða 31.12. 2015	<u>900.018.011</u>	<u>806.326.277</u>	<u>1.706.344.288</u>

Hlutfall 2015

Garðabær	6,24%	56.161.124	50.314.760	106.475.884
Hafnarfjörður	12,50%	112.502.251	100.790.785	213.293.036
Kópavogur	14,60%	131.402.630	117.723.636	249.126.266
Mosfellsbær	4,07%	36.630.733	32.817.479	69.448.213
Reykjavík.....	60,30%	542.710.861	486.214.745	1.028.925.606
Seltjarnarnes	2,29%	20.610.412	18.464.872	39.075.284
	<u>100,00%</u>	<u>900.018.011</u>	<u>806.326.277</u>	<u>1.706.344.288</u>

13. Langtímaskuldir	Vextir	2015
Yfirlit um langtímaskuldir:		
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt	5,60%	24.829.760
Arionbanki hf., verðtryggt	4,50%	141.134.993
Íslandsbanki hf., óverðtryggt	7,20%	60.419.222
		<u>226.383.975</u>
Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu árum:		
Árið 2016		101.977.060
Árið 2017		101.977.060
Árið 2018		22.429.855
		<u>226.383.975</u>

14. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

15. Tengdir aðilar

Skilgreining á tengdum aðilum

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félags:

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

16. Önnur mál

Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Aðalmeðferð í fyrra málinu fer fram 3. maí næstkomandi en í því máli krefst stefnandi að fá 530 m. kr. í skaðabætur vegna missis meints hagnaðar og útlagðs kostnaðar. Í málinu liggur fyrir yfirmatsgerð dómskvaddra matsmanna sem kveður á um að meint fjártjón sé 290 m. kr. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að skilyrðum skaðabótaábyrgða sé fullnægt í málinu er sennilegt að fjárhæð skaðabótakröfu byggji á niðurstöðu yfirmatsgerðarinnar. Strætó hefur hafnað kröfunni á grundvelli þess að því hafi verið skylt að taka lægsta boði annars þátttakanda í útboðinu og því eigi bótakrafan sér ekki lagastoð.

Í seinna málinu gerir stefnandi ekki fjárkröfu, heldur einungis krefst þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda. Strætó hefur hafnað viðurkenningarkröfu á þeim grundvelli að Strætó hafi verið skylt að taka lægsta boði annars þátttakanda í útboðinu og að viðurkenningarkrafan eigi sér ekki fullnægjandi lagastoð. Aðalmeðferð í þessu máli fór fram hinn 5. febrúar síðastliðinn og má því vænta dóms fyrri hluta árs 2016.

Einnig eru til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála tvö mál á hendur Strætó en beðið er niðurstöðu í þeim málum.

Stjórnendur telja litlar líkur á því að ofangreind mál tapist og því eru engar skuldbindingar færðar í ársreikninginn vegna þeirra.

